



Premía kreditkort Arion banka

Skilmáli F-19

Viðskiptavinir Arion banka sem hafa gilt Premía kreditkort njóta tryggingaverndar samkvæmt skilmála þessum.

Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Helstu þættir tryggingarinnar og hámarksbætur eigin áhættu eru:

Bótaþáttur	Hámarksfjárhæð		Eigin áhætta	
Ferðaslysstrygging	kr.	14.000.000		
Sjúkrakostnaður	kr.	20.000.000	kr.	15.000*
Ferðarof	kr.	300.000		
Forfallatrygging	kr.	750.000	kr.	15.000*
Samfylgd í neyð	kr.	300.000		
Endurgreiðsla ferðar	kr.	750.000		
Sjúkradagpeningar	kr.	144.000		
Farangurstrygging	kr.	1.000.000	kr.	15.000
Farangurstöf	kr.	80.000		
Ferðatöf	kr.	40.000		
Tafir á leið að flugvelli	kr.	120.000	kr.	25.000
Tafir vegna yfirbókunar	kr.	40.000		
Innkaupaskó	kr.	600.000	kr.	15.000
Innkaupatrygging	kr.	750.000	kr.	15.000
Mannránstrygging	kr.	720.000		
Ábyrgðartrygging	kr.	40.000.000	kr.	15.000

Premía golftrygging

Golfbúnaðartrygging	kr.	1.200.000	kr.	25.000
Óhappatrygging	kr.	3.000.000	kr.	25.000
Hola í höggi	kr.	65.000		
Árgjaldatrygging	kr.	200.000		
Leiga á búnaði erlendis	kr.	300.000		
Húftrygging bifreiða	kr.	150.000		
Teigtrygging erlendis	kr.	80.000		

Bílaleigutrygging

Kaskótrygging	USD	50.000	kr.	25.000
Viðbótarábyrgð	USD	1.000.000		

* Eigin áhætta fyrir hvern tryggðan.

Korthafar njóta einnig þjónustu **SOS International**, sem er alþjóðleg neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

Skilgreiningar

Í skilmála þessum merkja eftirfarandi hugtök:

Alfaraleið er leið sem er farin á vegum eða slóðum. Hugtakið utan alfaraleiðar á við um leið sem ekki tengist endilega vegum, slóðum eða stígum og getur legið um holt og móa skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 60/2013.

Dvalarkostnaður merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins hverju sinni.

Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

Dvalarland merkir land þar sem tryggður hefur lögheimili, búsetu vegna náms eða starfs eða hefur búið samfelldt í a.m.k. 180 daga.

Ferðakostnaður merkir fargjald og gistikostnað.

Félagið merkir Vörður tryggingar hf.

Flutningsslys á munum merkir atvik þegar almenningssfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum tryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila vegna ferðar.

Korthafi er sá sem hefur Premía kreditkort í gildi.

Náinn ættingi merkir maki, sambýlismaki, foreldri, tengdforeldri, tengdabörn, (gift eða í skráðri sambúð), stjúpbörn, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a tryggðs, systkini sambýlismaka og afi eða amma sambýlismaka.

Náinn samstarfsmaður merkir þann sem tryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

Sambýlismaki merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) skráð lögheimili, b) skattframtal eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

Slys merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á tryggðum og gerist án vilja hans.

SOS International er neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

Kreditkort merkir kort gefið út af Arion banka.

1. Kafli. Gildisákvæði

1. gr. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

- Korthafi nýtur trygginga samkvæmt þessum skilmála meðan kreditkort hans er í gildi og samningur er um tryggingarnar á milli félagsins og Arion banka.
- Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka tryggingarskilmála og fyrra kort.
- Tryggingin gildir á ferðalagi frá heimili tryggðs í allt að 180 samfellda ferðadaga.
- Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er tryggingin því aðeins gild þegar a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með Premía kreditkorti tryggðs eða gistirými hafi verið bókað fyrirfram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili tryggðs.
- Tryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.
- Gagnvart Premía golftryggingu þá gildir tryggingin hvar og hvenær sem er.

2. gr. Hver er tryggður?

- Tryggingin nær til korthafa Premía kreditkorts sem gefin eru út af Arion banka. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- Tryggingin nær jafnframt til barna 23 ára og eldri, tengdabarna með sama lögheimili og barn korthafa, stjúpbarna og barnabarna í samfylgd korthafa.
- Tryggður sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa er tryggður skv. a. lið 1. gr. en einstaklingur sem fer til náms er einungis tryggður á útleið og heimleið.
- Tryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. c. lið 1. gr. þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.

2. Kafli. Ferðaslysatrygging

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggður fyrir slysi á ferðalagi greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- a. Dánarbætur vegna slyss á ferðalögum
- Dánarbætur eru kr. 14.000.000
 - Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.
- b. Varanleg örorka, allt að kr. 14.000.000 eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:
- | | |
|--|------|
| • algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum | 100% |
| • missir handar við úlnlið eða ofar | 100% |
| • algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa | 100% |
| • missir fótar við ökkla eða ofar | 100% |
| • algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta | 100% |
| • algjör, ólæknandi vitskerðing | 100% |
| • algjör, ólæknandi lömun | 100% |
| • algjört, ólæknandi heyrnarleysi | 50% |
| • algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra | 30% |
| • missir þumalfingurs hægri handar | 20% |

Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni. Sé hinn tryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

4. gr. Takmörkun á bótaskyldu

- a. Dánarbætur samkvæmt a. lið. 3. gr. vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast, takmarkast við 10% af dánarbótum.
- b. Sé tryggður 60 ára eða eldri verða tryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í a. og b. lið 3. gr.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%
64-65 ára 70%	72-73 ára 30%
66-67 ára 60%	74 ára og eldri 20%

Bætur vegna a. og b. liða 3. gr. greiðast því aðeins ef slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem tryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verða aldrei hærri en kr. 14.000.000.

3. Kafli. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 20.000.000 vegna slyss eða veikinda hvers einstaklings, sem tryggingin nær til.

Félagið bætir eftirfarandi:

- a. Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð skv. læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að tryggður veikist eða slasast í ferðinni.
- b. Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við félagið eða SOS INTERNATIONAL.
- c. Ferðakostnað fylgdarmanns telji lækni þess þörf.

- d. Kostnað vegna flutnings hins látna til Íslands eða dvalarlands, andist tryggður erlendis, svo og fargjald fylgdarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- e. Kostnað við nauðsynlega tannlæknabjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að linna þjáningar.

6. gr. Hvað bætir tryggingin ekki ?

Félagið greiðir ekki:

- a. kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði og óhefðbundnar lækningameðferðir.
- b. kostnað sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi sem Sjúkratryggingar Íslands eru aðilar að.
- c. kostnað við meðferð og/eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- d. meðferðir erlendis sem standa lengur en í 3 mánuði.
- e. sjúkdóms eða slyss sem á rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna.
- f. ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- g. aukinn kostnað við nýja heimferð nema fyrir liggi staðfesting frá sjúkrastofnun erlendis.
- h. tjón sem rekja má til þess að tryggður:
 - mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða ef heimkomudagur var eftir 32. viku meðgöngu.
 - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- i. sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá tryggingaratburði.

7. gr. Tilkynningarskylda

Tryggðum ber að tilkynna félaginu eða SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða alvarleg veikindi tryggðs á ferðalagi erlendis.

8. gr. Eigin áhætta

Hver og einn tryggður ber eigin áhættu kr. 15.000 í hverju tjóni.

4. Kafli. Ferðarof

9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að kr. 300.000 vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef tryggður neyðist til að rjúfa dvöl sína utanlands vegna:

- andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, systkina eða annarra náinna ættingja sem búsettur er á Íslandi eða dvalarlandi.
- verulegs eignartjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

10. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- a. ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar er rofin var.
- b. kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi þjáðst af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- c. kostnað við heimferð, ef ekki liggur fyrirfram greiddur kostnaður við heimferð.

5. Kafli. Forfallatrygging

11. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirfram greiðslu á og ekki fæst endurgreiddur frá öðrum aðilum s.s. kortafyrirtækjum eða ferðabjónustuaðilum, allt að kr. 750.000 vegna ferðar sem hinn tryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- a. andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins tryggða enda vottað af starfandi lækni.
- b. náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andist, hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.

- c. vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem tryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- d. verulegt eignatjón á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- e. röskun leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins tryggða á útleið skv. ferðaáætlun sem honum hefur verið afhent.
- f. rán flutningsfars.
- g. ófyrirséð tilfærsla á starfi á Íslandi eða dvalarlandi.

Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun. Bætur skv. þessum kafla eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili tryggðs.

12. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- a. tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem tryggður þjáðist af og/eða hefur notið meðferðar við 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði óhefðbundin lækningameðferð.
- b. kröfur vegna hvers kvilla í tengslum við meðgöngu eða fæðingu sem koma upp eftir 36. viku meðgöngutíma sem leiða til forfalla.
- c. kröfur vegna forfalla sem verða eftir að ferð er hafin frá heimili tryggðs.
- d. tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
 - tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varðað skyldusóttkví).
 - yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.
 - tregðu tryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
 - útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
 - breyting á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
 - aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.
- e. tjón sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomu eða ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknis meðferðar erlendis.
- f. tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- g. tjón sem hlýst af því að tryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- h. tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- i. tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- j. tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

13. gr. Læknisvottorð

Skila þarf útfylltu læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins þar sem fram koma upplýsingar um veikindi, meðferðir og greiningardag. Finna má eyðublaðið á vordur.is.

14. gr. Forfallatrygging ferðasala

Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

15. gr. Eigin áhætta

Hver og einn tryggður ber eigin áhættu kr. 15.000. Börn tveggja ára og yngri greiða ekki eigin áhættu.

6. Kafli. Samfylgd í neyð

16. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir:

- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 300.000 vegna ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.
- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 300.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.

7. Kafli. Endurgreiðsla ferðar

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir hlutfallslega allt að kr. 750.000 af óafturkræfum ferðakostnaði tryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem tryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss.

Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá tryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

18. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.

8. Kafli. Sjúkradagpeningar

19. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir dagpeninga, kr. 4.800 á dag í allt að 30 daga ef tryggður liggur á sjúkrahúsi erlendis vegna slyss eða veikinda á ferðalaginu.

20. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- fyrir fyrstu tvo dagana sem sjúkrahúsvistin varir.
- vegna barna yngri en 16 ára.

9. Kafli. Farangurs- og innkaupatrygging

21. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutnings Slyss.

22. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón sem verður þegar tryggður gleymir hlut, skilur eftir eða týnir honum.
- hærrí upphæð en kr. 160.000 fyrir einstakan hlut, par eða samstæðu.
- skemmdir sem hljótask af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdum, sem ekki rýra notagildi hins tryggða hlutar.
- skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.

- e. tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- f. tjón sem leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- g. tjón á frimerkjum, peningum og hvers kyns verðbréfum.
- h. tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- i. tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- j. tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- k. tjón sem verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem tryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu, í því landi sem þjófnaður átti sér stað, sé þess kostur, innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- l. tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í faratæki eða húsnæði.
- m. tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- n. tölvugögn og hugbúnað.

23. gr. Varúðarreglur

Tryggður skal:

- a. loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.
- b. ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- c. sjá til þess að hinir tryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- d. ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- e. gæta fyllsta öryggis við vörslu hins tryggða.

24. gr. Tryggingarfjárhæð

- a. Tryggingarfjárhæð er allt að kr. 1.000.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 200.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem tryggður hefur með sér á ferðalagi.
- b. Tryggingarfjárhæð er allt að kr. 750.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 200.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem tryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með Premía kreditkorti.
- c. Hámarksbætur vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af tryggingarfjárhæð skv. a. og b. lið.
- d. Hámarksbætur á hverju almanaksári fyrir sig skv. a. og b. lið eru kr. 1.750.000 fyrir hvern fullorðinn og kr. 400.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

25. gr. Tilkynningarskylda

- a. Skilyrði fyrir bótum er að tryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað.
- b. Tilkynna skal lögreglu eða viðkomandi yfirvöldum, í því landi sem atburðurinn átti sér stað, um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu ef við á.
- c. Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

26. gr. Eigin áhætta

Tryggðir bera eigin áhættu kr. 15.000 í hverjum tjónsatburði.

27. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
Fatnaður	1 ár	20%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Myndavélar	1 ár	15%
Reiðhjól	1 ár	15%
Gleraugu og heyrnatæki	1 ár	10%
Skíða-, golf- og útivistarbúnaður	1 ár	10%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 2 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallsimar og farsimar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 5 ár:

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	25%
Borðtölvur og fartölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	25%
Snjallúr og snjalltæki ásamt fylgihlutum	1 ár	25%

10. Kafli. Farangurstöf

28. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum þegar tryggður fær farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu fyrir hverja klukkustund umfram 6 tíma töf kr. 8.000, að hámarki kr. 80.000. Greitt er fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri og til þriggja tryggðra að hámarki vegna hvers tjónsatburðar. Einnig er greitt til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forsjámannna.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

29. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- bætur vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.
- bætur ef töfin stafar af því að tryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um farbókun.

30. gr. Tilkynningarskylda

Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd og ástæða tafar kemur skýrt fram.

11. Kafli. Ferðatöf

31. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur ef verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valda töfum á ferðum almenning afarartækis og það leiðir til seinkunar á komutíma tryggðs til ákvörðunarstaðar. Töfin reiknast frá komutíma farartækis sem greinir í ferðaáætlun þeirri sem tryggður hefur fengið afhenta. Greitt er fyrir hverja klukkustund umfram 8 tíma töf kr. 2.000, að hámarki kr. 40.000 og fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri. Greitt til þriggja tryggðra að hámarki vegna hvers tjónsatburðar.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

32. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur ef töf stafar af því að tryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

33. gr. Tilkynningarskylda

Tjónþola bera að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram.

12. Kafli. Tafir á leið á flugvöll

34. gr. Hvað bætir tryggingin?

Bætur eru greiddar ef tryggður missir af millilandaflugi vegna tafar á ferð á leið á flugvöll að hámarki kr. 120.000 fyrir hvern tryggðan, ef eitthvert eftirtalinna atvika hefur leitt til tafarinnar:

- almenningsamgöngur falla niður eða seinkun almenningsfarartækis verður svo mikil að tryggður missir af flugi.
- ökutæki það sem tryggður ferðast með verður óökufært vegna bilunar eða umferðaróhapps.

35. gr. Félagið greiðir kostnað vegna:

- allt að þriggja tryggðra vegna hvers tjónsatburðar.
- annarra samgönguleiða að flugvelli sem tryggður getur nýtt sér.
- dráttar á ökutæki á næsta viðgerðarverkstæði.
- gistingar sem tryggður þarf að kaupa fram að brottför með öðru flugi.
- ferðakostnaðar sem tryggður verður fyrir til að komast til áfangastaðar með öðru flugi.

Bætur greiðast aðeins skv. framlögðum reikningum vegna þess kostnaðar sem fellur undir þennan kafla.

36. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tafir sem stafa af verkfallsaðgerðum sem hafnar voru eða höfðu verið tilkynntar áður en staðfestingargjald var greitt.
- tafir sem stafa af fyrirmælum yfirvalda um stöðvun eða breytingu á opinberum samgöngum.
- kostnað sem er meiri en nauðsynlegur getur talist með hliðsjón af almenningssamgöngum sem bjóðast.
- tjón sem hlýst af því að tryggður hefur ekki gefið sér nægan tíma til að komast á flugvöll og þess vegna misst af flugi.
- tjón samkvæmt þessari grein ef tryggður kys að nýta bótarétt vegna ferðatafar skv. 11. kafla.

37. gr. Eigin áhætta

Tryggðir bera eigin áhættu kr. 25.000 í hverjum tjónsatburði.

13. Kafli. Tafir vegna yfirbókunar

38. gr. Hvað bætir tryggingin?

Ef tryggður reynir að innrita sig í flug sem hann á pantað en er hafnað um sæti vegna yfirbókunar, greiðir félagið bætur, kr. 2000. fyrir hverja klst. sem liður frá upphaflega áætluðum tíma flugs, og þar til tryggður fær sæti í öðru flugi, allt að 20 klst. eða kr. 40.000.

14. Kafli. Innkaupakaskó

39. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir:

- tjón á einkamunum sem greitt hefur verið fyrir með Premía kreditkorti. Með einkamunum er átt við persónulega lausafjármuni sem ætlaðir eru til einkanota.
- tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

40. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- tjón af snöggu hita- og/eða rakabreytingum.
- hærrí upphæð en kr. 160.000 fyrir einstakan hlut, par eða samstæðu.
- samtímis bætur úr innkaupakaskó og farangurstryggingu eða innkaupatryggingu vegna eins og sama tjóns á sama tíma.

- e. tjón á fasteignum, innréttingum, bifreiðum, bátum, gæludýrum, plöntum eða matvöru.
f. tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynd- og frímerkjasöfnum.
g. tjón á munum sem ætlaðir eru til nota í atvinnustarfsemi, til endursölu, eða eingöngu til skreytingar eða blöndunar við aðra muni.

41. gr. Varúðarreglur

- a. Tryggðum ber að halda persónulegum lausafjármunum sínum vel við. Félagið bætir ekki tjón sem verður vegna ófullnægjandi viðhalds.
b. Tryggðum ber að læsa híbýlum sínum, bilum, bátum eða tjöldum og má ekki skilja hluti eftir á almannafæri. Félagið bætir ekki slík tjón.
c. Tryggður skal umgangast persónulega lausafjármuni sína með tryggilegum hætti. Tjón sem verður þegar tryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir verður ekki bætt.

42. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð er allt að kr. 600.000 á ári fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 140.000 á ári fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

43. gr. Eigin áhætta

Tryggður ber eigin áhættu kr. 15.000 í hverju tjóni.

44. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum og í 30 daga frá kaupum á einkamun.

15. Kafli. Mannránstrygging

45. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir dagpeninga kr. 24.000 á dag í allt að 30 daga verði tryggðum rænt á ferðalagi erlendis og haldið í gíslingu.

16. Kafli. Ábyrgðartrygging

Almennt bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarreglan og er hún grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

46. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 40.000.000 vegna:

- a. líkamstjóns einstaklings sem leiðir af bótaskyldu háttsemi tryggðs.
b. tjóns eða skemmda á munum sem leiðir af bótaskyldu atferli tryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
c. kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá tryggðum annað hvort skv. íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem atvikið átti sér stað.
d. málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda tryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

47. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- a. eignarhaldi, umráðum eða notkun vélknúinna farartækja.
b. ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánum ættingja tryggðs.
c. ábyrgð á dýrum sem tilheyra tryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
d. hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða í óvild.
e. ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.

- f. ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- g. notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svífflugi, svífdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- h. hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða týnast á meðan þeir eru í vörslu tryggðs.
- i. hlutum sem tryggingartaki er með á leigu eða að láni.

48. gr. Eigin áhætta

Tryggður ber eigin áhættu kr. 15.000 í hverju tjóni.

17. Kafli. Premía Golftrygging

49. gr. Golfbúnaðartrygging

Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir innan hvers árs bætur allt að kr. 1.200.000 á golfbúnaði af völdum:

- a. skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atburðar.
- b. þjófnaðs, enda hafi þjófnaðurinn verið vegna innbrots í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús (orlofshús), hjólhýsi, veiðihús eða geymsluskáp í golfskála. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.
- c. þjófnaðs á meðan golfbúnaður er geymdur fyrir utan golfskála. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.
- d. ráns, þ.e. töku á golfbúnaði með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.
- e. skemmdarverka, þ.e. skemmda á golfbúnaði sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef því er valdið af tryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi, sem heimild hefur haft til veru á heimili tryggðs. Tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utandyra annars staðar en við heimili tryggðs bætast ekki. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki tjón

- a. sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða umsjón eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- b. sem verður þegar tryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir.
- c. sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- d. á munum sem stolið er úr ólæstri íbúð, farartæki, sumarhúsi (orlofshúsi), hjólhýsi, öðrum geymslustöðum eða eru skildir eftir á almannafæri.
- e. vegna snöggtrar hita- og/eða rakabreytinga.

Varúðarregla

Læsa ber tryggilega íbúðarhúsi, bílum og öðrum þeim stöðum sem golfbúnaður er geymdur þegar þessir staðir eru mannlauseir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að golfbúnaði.

Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til golfbúnaðar í eigu tryggðs auk golfbíla og annarra farartækja sem eingöngu eru ætluð til notkunar á golfvelli og við golfiðkun.

Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis, í allt að 180 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

Ákvörðun bóta

- a. Bætur miðast við það að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir trygðan.
- b. Minjagildi bætist ekki.
- c. Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

50. gr. Óhappatrygging

Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir tjón sem tryggður kann að valda á mönnum eða munum við golfiðkun eða á æfingasvæði við golfvöll án tillits til skaðabótaskyldu að lögum. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skirteini. Ef önnur trygging tekur til tjóns skv. þessari grein um óhappatryggingu stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ákvæði 16. kafla um ábyrgðartryggingu eiga að öðru leyti við um óhappatryggingu eftir því sem við getur átt.

51. gr. Hóla í höggi

Hvað bætir tryggingin?

Ef tryggður nær að slá holu í höggi greiðir félagið allt að kr. 65.000. Tryggingunni er ætlað að endurgreiða tryggðum þann kostnað sem hlýst af því að bjóða meðspilurum upp á veitingar að hring loknum.

Greiðsla er framkvæmd hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:

- Leiknar hafi verið minnst 9 holur og með minnst einum meðspilara (vitni).
- Höggið verður að hafa verið það fyrsta sem slegið var af teig í átt að holu.
- Völlurinn verður að hafa fengið viðurkenningu frá GSÍ eða sambærilegum erlendum aðila og vera minnst 4000 metra langur (miðað við 18 holur).
- Skorkort verður að hafa verið rétt útfyllt og undirritað ásamt nafni vallarins og dagsetningu.
- Höggið var tilkynnt til klúbbstjórnar, starfsmanns vallarins eða Einherjaklúbbsins.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki holu í höggi sem er leikið er á par 3 velli eða öðrum áþekktum æfingarvelli. Það sama á við um völl sem er í vetraruppsetningu, þ.e. með vetrarteigum og/ eða vetrarfötum.

Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis, í allt að 180 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

52. gr. Árgjaldatrygging

Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggðum ófært að stunda golf á golf tímabilinu vegna veikinda eða slyss endurgreiðir félagið hlutfallslega árgjald í golfklúbb. Endurgreiðslan miðast við árgjald í einn golfklúbb og er að hámarki kr. 200.000

Tímabil ófærni skal vara minnst 2 mánuði af golf tímabili sem er skilgreint sem fimm mánuðir, frá maí til og með september og er árgjaldinu dreift jafnt á þess fimm mánuði.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin eða þegar árgjald var greitt.
- sjúkdóma sem verða eftir 36. viku meðgöngutíma.
- slyss sem átti sér stað áður en trygging var tekin eða var þegar orðið þegar árgjaldið var greitt.

Ákvörðun bóta

Tryggður skal leggja fram eftirfarandi gögn vegna kröfu sinnar:

- Læknisvottorð þar sem fram kemur að tryggðum sé ómögulegt að spila golf vegna veikinda eða slyss.
- Kvittun fyrir greiðslu á árgjaldi golfklúbbs.

53. gr. Leiga á golfbúnaði erlendis vegna farangurstafa

Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 300.000 vegna leigu á golfbúnaði fyrir hvern tryggðan ef þeir fá ekki innritaðan golfbúnað sinn afhentan innan 6 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.

Samkvæmt þessu ákvæði eru greiddar bætur gegn því að lagðir séu fram reikningar fyrir leigu búnaðar.

Golfbúnaður samkvæmt þessu ákvæði teljast kylfur og golfpoki. Leiga fyrir annan búnað fæst ekki bætt samkvæmt þessari tryggingu.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.

Varúðarregla

Tryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki skemmri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Hverjir eru tryggðir?

Tryggður er sá sem tilgreindur er á skirteini. Einnig eru börn og maki tryggingartaka og/eða börn maka tryggingartaka sem eru yngri en 18 ára tryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en tryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá tryggingartaka og/eða maka hans.

Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir vegna tafar á afhendingu golfbúnaðar í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 180 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

Tryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.

Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

54. gr. Húftrygging eigin bifreiða

Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir tjón á bifreið í eigu tryggðs af völdum golfbolta sem sleginn hefur verið í bifreiðina, enda hafi boltinn verið sleginn á til þess gerðu svæði.

Það er skilyrði bótaskyldu að bifreiðinni hafi verið lagt löglega á til þess gerðu bílastæði eða ekið eftir löglegum akvegi.

Varúðarregla

Tryggingartaki skal gæta þess að leggja bifreið sinni þannig að ekki sé hætt á því að hún verði fyrir eðlilega slegnum golfbolta.

Hvað er tryggt?

Húftryggingin tekur til bifreiðar í eigu tryggðs.

55. gr. Teigtrygging erlendis

Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggðum ófært að spila golf erlendis vegna veðurs endurgreiðir félagið hlutfallslega ónýtt teiggjöld.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að ferðin sé að lágmarki 4 dagar.

Hámarksbætur í hverju tjóni er kr. 80.000

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- Lokana golfvalla á Íslandi.
- Ónýtt teiggjalda vegna breytinga á ferð.
- Lokana hluta úr deigi vegna veðurs.

Ákvörðun bóta

Tryggður skal leggja fram eftirfarandi gögn vegna kröfu sinnar:

- Dagsett staðfesting frá golfvelli að hann hafi verið lokaður vegna veðurs.
- Kvittun fyrir teiggjöldum.

18. Kafli. Almenn ákvæði

56. gr. Tilkynningarskylda

Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu, s.s. læknisfræðileg gögn eða eftir atvikum lögregluskýrslu. Eyðublöð fyrir tjonstilkynningar fást hjá félaginu og á vefsíðu félagsins; [vordur.is](#).

Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjon, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

57. gr. Frestur til að tilkynna tjon

Tryggður glatar rétti til bóta ef hann:

- tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í tryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

58. gr. Greiðsla bóta og vextir

- Tjónabætur greiðast inn á bankareikning korthafa, eftir atvikum að frádreginni eigin áhættu.
- Dánar- og örorkubætur greiðast skv. skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum tryggingum, sbr. þó ákvæði í 1. kafla um gildisákvæði.
- Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta bótaskyldu og ákveða fjárhæð bóta.
- Tryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.
- Eigi tryggður bótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur.
- Við andlát tryggs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. tryggingarskilmálum þessum og önnur trygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó 14. gr. skilmálans.

59. gr. Brot á upplýsingaskyldu – Svik og rangar upplýsingar

Komi í ljós að tryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.

Hafi tryggingartaki eða tryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og tryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004, fellur niður allur réttur til bóta. Hafi tryggingartaki eða tryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Ef tryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt skilmála þessum og öðrum tryggingarsamningum vegna hins tiltekna tryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

60. gr. Tvítrygging

Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar. Ef hagsmunir þeir sem trygging þessi tekur til eru einnig tryggðir með annarri tryggingu getur tryggður valið úr hvaða tryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkafið önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta á ekki við um ferðaslysatryggingu.

61. gr. Endurkröfuréttur

Eigi tryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur. Tryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

62. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en tryggðs

Ákvæði sem kveða á um að réttur tryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis tryggðs, eiga einnig við um bótarétt tryggðs úr innbústryggingu vegna samsvarandi háttsemi maka tryggðs sem býr með honum og manns sem hinn tryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

63. gr. Réttur við andlát tryggðs

Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, hefur félagið rétt til að láta fara fram krufningu.

64. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi

Hafi tryggður valdið af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi að tryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr., 89. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

65. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru hátternisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi tryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í tryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í ferðaslysatryggingu og sjúkratryggingu er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að tryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. mli. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

66. gr. Tjónagrunnur

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmu númeri tjónþola, s.s. númeri ökutækis.

Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir tryggingarsvik og ofgreiðslu tryggingarbóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.

Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp. Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

67. gr. Takmörkun vegna stærri atburða

Ef í einum og sama tryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem tryggðir eru með ferðatryggingum korthafa kreditkorta, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

68. gr. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir pvl.

Persónuupplýsingar eru þær upplýsingar sem hægt er að greina beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn o.fl., sbr. 2. tl. 3. gr. pvl. Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, miðlun og dreifing, sbr. 4. tl. 3. gr. pvl.

Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Í persónuverndarstefnu félagsins má einnig finna varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðar upplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.

69. gr. Meðferð ágreiningsmála

Verði ágreiningur um trygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi tryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í tryggingamálum. Tryggingartaki getur aflað sér frekari upplýsinga um úrskurðarnefnd í tryggingarmálum inn á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (fme.is) og heimasíðu nefndarinnar (www.nefndir.is.)

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

70. gr. Heimili félagsins og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af tryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

71. gr. Almennar takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint leiðir af:

- a. beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni.
- b. beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu.
- c. beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum).
- d. stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- e. skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt liðum a., b., c. og d. hér að ofan.
- f. fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar. Sama á við um aðrar áhættuþróttir.
- g. bifreiða- og vélaiþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls sem er 50 cc eða minna og nær allt að 25 km hraða, sem tekið er á leigu í ferðalagi og fellur undir tryggingu þessa.
- h. slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- i. flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- j. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- k. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- l. handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- m. jarðskjálfta, eldgosi, skriðufalli, snjóflóði, vatns- eða sjávarflóði og hvers kyns náttúruhamförum án tillits til orsaka þeirra.
- n. slysum sem eiga sér stað á ferðalögum á Íslandi og rekja má til notkunar skráningarskylds ökutækis sbr. 8. og 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019.

Skilmáli þessi gildir frá 01.04.2025

19. SOS INTERNATIONAL

Neyðarþjónusta vegna slysa og veikinda erlendis.

72. gr. Slysa- og sjúkraþjónusta

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarpætti tryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika tryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Arion banka ferðatryggingu korthafa hjá félaginu, að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með Arion banka korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortanúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- a. að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- b. að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- c. að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- d. heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- e. að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfolk látið fylgja sjúklingi.
- f. að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- g. að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- h. að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

73. gr. Ferðaðþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- a. áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- b. endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

74. gr. Símaþjónusta í viðlöngum

Neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50

Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang sos@sos.dk

Heimasíða www.sos.dk

Vörður Tryggingar hf.

Sími: 354 514 1000

Netfang: vordur@vordur.is

Heimasíða: www.vordur.is

Neyðarþjónusta Valitor utan opnunartíma Arion banka: 354 525 2000

Bílaleigutrygging

Um trygginguna gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum tryggingarsamnings.

Bílaleigutrygging felur í sér kaskótryggingu og viðbótar ábyrgðartryggingu.

Skilgreiningar

Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa eftirfarandi merkingu í skilmálum þessum:

Bílaleigubíll: merkir hvern þann bíl sem tekinn er á leigu samkvæmt samningi, til eins eða fleiri daga eða vikna, hjá bílaleigufyrirtæki eða umboði þess sem hefur öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda í viðkomandi landi, fylki eða sveitarfélagi.

Bílaleigusamningur: merkir samning sem tryggður gerir um leigu á bílaleigubíl hjá viðurkenndri bílaleigu eða viðurkenndri umboðsskrifstofu með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

Dvalarland: merkir land þar sem tryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfelldt í a.m.k. 180 daga.

Félagið: merkir Vörður tryggingar hf.

Leigutímabil: merkir tímabilið sem bílaleigubíllinn er tekinn á leigu og tryggður öðlast lögsmættan tímabundinn yfirráðarétt yfir honum og fellur úr gildi á þeirri stundu sem bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.

Líkamstjón: merkir líkamsmeiðsl eða veikindi, þ.m.t. andlát sem orsakast af þessum sökum.

Skemmdir á eignum: merkir efnislegar skemmdir eða eyðileggingu á ápreiðanlegum eignum sem eiga sér stað á tryggingartímabilinu, þ.m.t. afnotamissi á eignum.

Tryggður: merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta eða nýtur tryggingarverndar ef til tjóns kemur. Þar er um að ræða korthafa Premía kreditkorts sem skráður er ökumaður bílaleigubílsins, svo og aðra skráða ökumenn bílaleigubílsins sem uppfylla að vera einhverjir af eftirtöldum aðilum: Maki hans, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar og systkini.

Tryggingarbætur: merkir fjárhæðir þær sem greiddar eru skv. viðgerðarreikningum, við samninga um lyktir kröfu eða samkvæmt dómi.

Tryggingartímabil: merkir tímabil það sem skráð er í bílaleigusamningi og tekur til þess tímabils sem tryggður hefur bílaleigubílinn undir höndum. Fyrsti dagur leigutímabils verður að vera innan tryggingartímabils til þess að trygging þessi gildi og gildir tryggingin aldrei yfir leigutímabil sem varir lengur en 31 dag samfelldt.

Viðbótar ábyrgðartrygging: merkir tryggingu þessa og tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á tryggðan hafa farið fram yfir tryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarra viðlíkrar ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

1. Kafli. Kaskótrygging bílaleigubíls

1. gr. Gildisákvæði

- Hafi korthafi Premía kreditkort í gildi mun félagið bæta hinum tryggðu, sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi og falla undir kort leigutaka það tjón sem verða kann á bílaleigubílnum og þeir eru ábyrgir fyrir skv. ákvæðum bílaleigusamningsins.
- Tryggingin gildir einungis yfir leigu í allt að 31 dag á 180 daga ferðatímabili.
- Tryggingin, samkvæmt þessum hluta skilmálanna, er veitt vegna leigu á einum bílaleigubíl í hverju einstöku tilviki.
- Tryggingin tekur eingöngu til bílaleigubíla sem eru í eigu bílaleigufyrirtækis með tilskilin leyfi.
- Ef keypt er trygging af bílaleigunni greiðir félagið mismun á eigin áhættu í þeirri tryggingu og þessari tryggingu, ef hún er lægri.
- Tryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki viðtækari né þrengri en gilt hefði um LDW-tryggingu (loss damage Waiver) eða aðra sambærilega tryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaleigu sem viðkomandi bílaleigubíll tilheyrir.
- Tryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Premía kreditkorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, tengdabörn, barnabörn, stjúpbörn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini og vinur. Skulu

tryggðir ökumenn vera skráðir í bílaleigusamningi og skal þá þeirra sem fyrstur er tilgreindur vera handhafi Premía kreditkorts tryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskirteini.

Trygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna (Eystrasaltsríkin undanskilin) og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna:

- a. skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs.
- b. þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.

3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- a. bílaleigubíll er leigður af öðrum en korthafa.
- b. tryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því.
- c. tjóni hefur verið valdið af ásetningi, en sé tjóni valdið af stórkostlegu gáleysi tryggðs losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta.
- d. tjón verður vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfingar fyrir slíkan akstur. Eða þegar ekið er á keppnisbrautum þó að ekki sé um keppni að ræða.
- e. um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, akstur annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forarvöð, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi.
- f. um er að ræða notkun ökutækisins sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði tryggingarskilmála.
- g. um er að ræða skemmdir er verða vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljóta af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða.
- h. tjón verður sem rekja má til eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins.
- i. tjón verður af völdum stríðs (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppbóta, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskröfu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílnum af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísi eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða.
- j. um er að ræða hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- k. tjón verður af völdum skordýra eða meindýra.
- l. um er að ræða tjón af völdum hvers kyns sviksamlegs, óheiðarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af tryggðum eða þeim sem hann er viðriðinn.
- m. um er að ræða kostnað sem stofnað er til, hafnað er greiðslu á eða greiddur er af bílaleigunni eða tryggjendum hennar.
- n. um er að ræða kröfu vegna verksmiðjugalla og eða framleiðsluskemmda.
- o. tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla önnur skilyrði sem tryggðir.

4. gr. Tilkynning um tjón – ráðstafanir vegna tjóns

- a. Verði hvers konar tjón sem varðar bílaleigubíl eða notkun hans, skal tryggður tilkynna það til félagsins eins fljótt og því verður við komið.
- b. Þegar tjón hefur orðið, eða bein hætta er á því að það muni bera að höndum, ber tryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber tryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja aðila. Tryggður skal, sé þess kostur, gefa félaginu tækifæri til að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum tryggðs getur valdið skerðingu eða missi tryggingarverndar eftir lögum um tryggingarsamninga.
- c. Korthafi sér um að gera upp við viðkomandi bílaleigu og sendir síðan kvittun til félagsins ásamt þeim gögnum sem við á.

5. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Engum er heimilt að viðurkenna bótaskyldu fyrir hönd Varðar nema að fengnu skriflegu samþykki félagsins eða samstarfsaðila, né veita fyrirheit um nokkrar skuldbindingar af þess hálfu. Félagið skal hafa óskorðaðan rétt til að reka mál, stýra og semja um lyktir mála sem rísa kunna vegna eða í tengslum við kröfur á hendur tryggðu.

6. gr. Undanskilin áhætta

Tryggður veldur tryggingaratburði af:

Ásetningi: Hafi tryggður af ásetningi valdið því að tryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegu gáleysi: Hafi tryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að tryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort tryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

7. gr. Gildistími tryggingarinnar

Tryggingin gildir frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Tryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

8. gr. Tryggingarfjárhæð

Félagið greiðir bætur allt að USD 50.000 (eða jafngildi þess í gjaldmiðli viðkomandi lands).

9. gr. Eigin áhætta

Tryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

10. gr. Framsal réttar – endurkröfuréttur

Tryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt tryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

Um allar kröfur sem reistar eru á tryggingu þessari skal fara að íslenskum lögum og skulu íslenskir dómstólar einir hafa lögsögu um hvers konar ágreining er rísa kann á grundvelli tryggingar þessarar.

11. gr. Ökutæki sem ekki falla undir tryggingu þessa

Tryggingin tekur ekki til leigu á sérstaklega hraðskreiddum ökutækjum, svo sem, Aston Martin, Ferrari, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra, auk ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur.

Þá tekur tryggingin ekki til leigu vissra farar- og ökutækja, þ.e.a.s. vörubíla, sendibíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, húsbíla, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega og tómstundafarartækja.

2. Kafli. Viðbótar ábyrgðartrygging bílaleigubíls

12. gr. Gildisákvæði

- Hafi korthafi Premía kreditkort í gildi mun félagið bæta sérhverja þá skaðabótakröfu sem tryggðir sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem ökumenn bílaleigubílsins á leigutímanum.
- Trygging þessi tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á tryggðan hafa farið umfram tryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og eða annarrar viðlíka ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.
- Tryggingin gildir einungis yfir leigu í allt að 31 dag á 180 daga ferðatímabili.
- Ákvæði tryggingarinnar er undir engum kringumstæðum viðtækari en þær tryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.
- Tryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Premía kreditkorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, tengdabörn, barnabörn, stjúpbörn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini og vinur. Skulu tryggðir ökumenn vera skráðir í bílaleigusamningi og skal þá þeirra sem fyrstur er tilgreindur vera handhafi Premía kreditkorts tryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskirteini.

Trygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna (Eystrasaltsríkin undanskilin) og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

13. gr. Tryggingarfjárhæð

Félagið greiðir allt að USD 1.000.000 í umframskaðabætur.

14. gr. Tryggingarsvið

Tryggingin er viðbótarábyrgðartrygging og tekur til sömu tryggingarverndar og hin lögbundna ábyrgðartrygging bílaleigubílsins nær til eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

Það er skilyrði fyrir bótum úr tryggingunni að tryggður lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða aðrir tryggðu sem annast viðlíka ábyrgðartryggingu fyrir bílaleigufyrirtækið hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðabótakröfu sem fram er komin. Trygging þessi tekur þá við þegar hin lögbundna ábyrgðartrygging eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging getur ekki að fullu greitt skaðabótakröfuna vegna þess að tryggingarfjárhæðin er að fullu greidd og greiðir þá trygging þessi þann mismun allt að því hámarki sem getið er í 2. gr. hér að framan.

Trygging tekur sérstaklega til hvers tryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að það að fleiri en einn tryggður einstaklingur eigi í hlut skuli ekki stuðla að hækkan tryggingarfjárhæðar sem tilgreind er 13. gr.

15. gr. Gildistími tryggingarinnar

Tryggingin gildir frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubil og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Tryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

16. gr. Kostnaður, gjöld og útgjöld

Þegar tryggður hefur rétt á vernd úr annarri tryggingu t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka tryggingu, áskilur félagið sér rétt, þó án þess að verða skuldbundið til slíks, að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að félagið eigi hlut að samkvæmt ákvæðum tryggingarskilmálanna.

Öll útgjöld vegna rannsóknar og málsvarnar í kröfumálum sem trygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk tryggingarinnar.

17. gr. Undanskildar áhættur

Til viðbótar þeim undanskildu áhættum sem bílaleigusamningur hefur að geyma, tekur tryggingin þessi ekki til:

- bótaskyldu sem tryggða er gert að axla samkvæmt lögum um ótryggða ökumenn, eða lögum er varða tjón án sakar bílstjóra og lögum um slys þeirra sem verða fyrir slíkum tjónum eða hvaða öðrum svipuðum lögum sem vera kann. Með því að gangast undir tryggingu þessa samþykkir korthafi að hann komi fram fyrir sjálfs síns hönd og fyrir hönd allra annarra einstaklinga sem kynnu að vera meðtryggðir samkvæmt tryggingu þessari. Tryggður hafnar því ennfremur, að því marki sem lög leyfa, að tryggingin taki til nokkurrar tryggingarverndar sem annars kynni að vera krafist að einhverjum slíkum lögum. Þessi undanskilda áhætta tekur þó ekki til skaðabóta, allt að USD 100.000 samtals, sem hinn tryggði og meðtryggðir eiga rétt á að innheimta samkvæmt ákvæðum tryggingarinnar er tekur til ótryggðs eða ótryggðs ökumanns eða slyss þar sem slysveldur hverfur af vettvangi.
- líkams- eða eignatjóns þeirra sem tryggðir eru samkvæmt tryggingu þessari eða, að því marki er lög leyfa í ríki því sem bílaleigusamningurinn er undirritaður í, eða líkamstjóns eða eignatjóns nokkurs einstaklings sem tengist hinum tryggðu blóðböndum, venslum eða með ættleiðingu og býr undir sama þaki.
- skaðabótaúrskurðar í refsingarskyni eða öðrum til varnaðar.
- neinna skuldbindinga sem tryggður eða einhver annar tryggðu kann að vera gerður ábyrgur fyrir samkvæmt lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örorkubóta eða svipuðum lögum.
- líkamstjóns eða eignatjóns sem er afleiðing dreifingar, sleppingar, skyndilegs leka eða seitlei hvers konar olíu, jarðolíuefna eða afleiddra efna, fituefna, reyks, gufu, sóts, hvers kyns skaðlegs og eitraðs efnis, vökva og lofttegunda eða annarra ertingarvalda eða mengunarvalda í eða á jarðvegi, andrúmslofti eða hvers kyns straumvatni eða stöðuvatni, eða votlendi, en takmarkast þó ekki við hættuleg efni í grunnvatni, jarðvegsgrunni eða nokkuð það sem þar er. Undanþága þessi á einnig við um hreinsunarkostnað sem stofnað er til og hvers kyns líkams- eða eignatjón sem hlýst af eða er í tengslum við hvaðeina er hér að ofan greinir. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þess er hér segir:
 - sé geymi eða annarri slíkri geymslu er inniheldur mengunarvalda velt, hvolt eða hún skemmd vegna notkunar hins tryggða bílaleigubíls; eða
 - valdi slík velta eða skemmdir á bifreiðinni losun, sleppingu eða skyndilegum leka mengunarvalda.
- bótaskyldu tryggðs sem beint eða óbeint ris af, á sér stað vegna eða er afleiðing styrjaldar, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðaráttaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjófnotingar, valdboðskrá, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði.
- líkams- eða eignatjóns vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.
- líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vítað er að innihalda fjöklórað bifnýl eða sem innihalda afleidd fjöklóruð bifnýl efni eða sem í efnaðnaði er almennt vítað að byggji á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörurnar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift.

- i. líkams- eða eignatjóns sem orsakast af hættulegum eiginleikum efna eða kjarnaefna sem:
- einhverjum einstaklingi eða stofnun er skylt að hafa fjárhagslega tryggingu yfir samkvæmt lögum um kjarnorku frá 1954 (USA) eða hvers kyns lagabreytingum á þeim; eða
 - tryggði á eða myndi eiga, hefði trygging þessi ekki verið gefin út, rétt á skaðabótum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða einhverri stofnun á vegum þeirra samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af Bandaríkjunum eða einhverri ríkisstofnun þeirra við einhvern einstakling eða stofnun.
- j. félagið veitir ekki tryggingarvernd neinum tryggðum aðila sem sett hefur fram svíksamlegar fullyrðingar eða sýnt svíksamlegt hætterni í tengslum við hvers konar óhapp eða tjón.
- k. félagið veitir ekki tryggingarvernd neinum tryggðum sem veldur vísvitandi líkamstjóni eða eignatjóni.
- l. tryggingarvernd er aðeins veitt vegna leigu á einu ökutæki í hverju einstöku tilviki sem kann að vera ekið og rekið af einhverjum þeirra sem til greina koma sem tryggðir aðilar svo sem fram kemur í bilaleigusamningi, og skal þá þeirra sem fyrstur er tilgreindur sem ökumaður vera handhafi Premía kreditkorts. Tryggingin tekur gildi frá og með þeirri stundu er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bilaleigubílnum og fellur úr gildi á þeirri stundu er bilaleigufyrirtækið tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Bótaskylda samkvæmt ákvæðum tryggingar þessarar er takmörkuð við bótaskyldu sem tryggður hefði verið verndaður fyrir hefði hann tekið viðbótarábyrgðartryggingu eða aðra viðlíka tryggingu hjá bilaleigunni.

18. gr. Skilyrði

a. Samþykki hins tryggða

Með því að samþykkja viðbótarábyrgðartryggingu í bilaleigusamningi, afsalar tryggður sér og fyrir hönd annarra tryggða rétti sínum um tryggingarvernd úr tryggingu þessari.

b. Kröfur á hendur félaginu

Krafa á hendur félaginu telst ekki réttmæt nema að tryggður hafi fyllilega hlitt öllum skilmálum tryggingarinnar. Bætur greiðast því aðeins að þær hafi verið ákvarðaðar með dómi eða með skriflegu samþykki tryggða, kröfuhafa og félagsins. Hámarksbætur takmarkast við tryggingarfjárhæð tryggingarinnar. Skyldu félagsins til að ná sáttum eða halda uppi vörnum lýkur þegar tryggingarfjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Félaginu ber engin skylda til að halda uppi vörnum í nokkru máli eða ná sáttum um nokkra kröfu vegna líkamstjóns eða eignatjóns sem tryggingin tekur ekki til. Enginn einstaklingur eða stofnun á neinn rétt samkvæmt tryggingu þessari til að tengja félagið neinni beinni málshöfðun á hendur hinum tryggða til að ákvarða skaðabótaskyldu hans né getur hinn tryggði eða löglegur fulltrúi hans tengt félagið slíkum málaferlum. Hafi tryggði eða bú tryggða orðið gjaldþrota eða ógjaldfært breytir það í engu skuldbindingum félagsins samkvæmt tryggingu þessari.

c. Áfrýjanir

Í því tilviki að tryggði kjósi að áfrýja ekki dómsúrskurði þar sem kröfufjárhæð fer umfram tryggingarfjárhæð lögbundinnar ábyrgðartryggingar bilaleigubílsins eða annarrar viðlíkrar tryggingar, kann félagið að gera slíkt á eigin kostnað og skal þá bera skattskyldan kostnað, útlagðan kostnað og vexti sem á kunna að falla en þó skal bótaskylda félagsins í engu tilviki vera umfram þá upphæð sem tilgreind er í tryggingu þessari fyrir neitt eitt tilvik auk skattskylds kostnaðar, útlagðs kostnaðar og vaxta er á kunna að falla við slíka áfrýjun.

d. Framsal

Framsal hagsmuna samkvæmt tryggingu þessari bindur ekki félagið nema samþykki þess sé ritað á það.

e. Aðstoð og samvinna tryggða

Tryggða ber að hafa samvinnu við félagið um rannsókn, uppgjör kröfu eða málsvörn hvers kyns kröfu eða lögsóknar.

f. Gjaldþrot og ógjaldfærni

Ógjaldfærni eða fjárhagsleg vanhæfni tryggðs hækkar hvorki þær fjárhæðir sem félagið hefði að öðrum kosti þurft að greiða, né kemur trygging þessi til viðbótar við neina skerta bótafjárhæð sem bjóðast kann vegna ógjaldfærni eða fjárhagslegrar vanhæfni tryggðs

g. Breytingar

Tilkynning til eða vitneskja einhvers umboðsmanns eða einhvers annars einstaklings hefur hvorki áhrif á afsal eða breytingu neins hluta þessarar tryggingar, né kemur slíkt í veg fyrir að félagið fái nýtt réttindi samkvæmt tryggingunni, né skal vera unnt að afsala sér skilmálum tryggingarinnar eða breyta þeim nema með áritun sem mynda skal hluta þessarar tryggingar og vera undirrituð af til þess bærum fulltrúa félagsins.

h. Tjónstilkynning

Þegar atvik verður sem veldur líkamstjóni eða skemmdum á eignum og eðlilega mætti ætla að það yrði tilefni kröfugerðar samkvæmt tryggingu þessari, skal tilkynna tjónið eins fljótt og því verður við komið til félagsins. Slík tilkynning kemur til viðbótar hvaða öðrum skuldbindingum sem tryggði kann að hafa samkvæmt lögbundinni ábyrgðartryggingu bilaleigubílsins eða annarri viðlíka tryggingu sem tekin er af bilaleigunni. Slík tilkynning skal veita glöggar upplýsingar um hinn tryggða og

upplýsingar sem eðlilegt má telja að afla megi með hliðsjón af tíma, staðsetningu og aðstæðum við tjónsatburð. Tryggðir skal á sama hátt senda tilkynningu til félagsins um hvers kyns kröfu eða lögsókn sem honum kann að berast vegna slíks atburðar og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi. Leyni tryggður féluginu vísitandi upplýsingum er varðar slíka kröfu eða lögsókn eða afhendi hann ekki gögn er málið varðar getur slíkt framferði leitt til missis tryggingarverndar samkvæmt tryggingu þessari.

i. Aðskilnaður hagsmuna

Tryggingin tekur sérstaklega til hvers tryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að þótt fleiri en einn tryggður einstaklingur eigi í hlut skal það ekki stuðla að hækkun bótaskyldumarks félagsins samkvæmt 2. gr. tryggingarinnar.

j. Kröfuhafaskipti

Bæti félagið tjón samkvæmt tryggingu þessari, skal félagið taka við öllum réttindum tryggðs til endurheimtu er tengjast slíkri greiðslu, gagnvart hvaða einstaklingi eða stofnun sem er, og skal tryggðir láta gera og afhenda löggjörninga og skjöl og gera hvaðeina sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja slík réttindi. Hinn tryggðir skal ekki gera neitt það eftir að tjónsatvik verður er stofnað geti slíkum réttindum í hættu. Allar endurkröfur sem innheimtar eru eða tekið er við eftir uppgjör á tjóni samkvæmt tryggingu þessari skulu nýttar eins og hefðu þær endurheimts eða við þeim verið tekið fyrir slíkt uppgjör tjóns og allar nauðsynlegar ráðstafanir þá gerðar milli tryggðs og félagsins.

3. Kafli. Almenn ákvæði

19. gr. Greiðsla bóta og vextir

Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta tryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Tryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. laga nr. 30/2004.

20. gr. Frestur til að tilkynna tjón – fyrning

Tryggður glatar rétti til bóta ef:

- hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í tryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

21. gr. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing

Verði ágreiningur um trygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi tryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar tryggingarfélaganna og Úrskurðarnefndar í tryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla.

22. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna tryggingarinnar skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Verði ágreiningur um trygginguna, þ.m.t. þegar bótakrafa snertir íslenska hagsmuni, skal íslenskur dómstóll skera úr henni samkvæmt íslenskum lögum.

Skilmáli þessi gildir frá 23.05.2025